

Beiðni um styrk vegna Beint frá býli-dagsins 24. ágúst

Góðan daginn, kæra sveitarstjórn,

Við hjá Korngrís undirbúum nú þátttöku okkar í Beint frá býli-deginum, sem haldinn verður sunnudaginn 24. ágúst næstkomandi. Hér fyrir neðan má finna lista yfir þá bæi sem ætla að taka þátt í ár. Auk þess munu 8 til 10 smáframleiðendur af Suðurlandi taka þátt og selja sínar vörur á svæðinu þennan dag.

Við leitum því til sveitarfélagsins með vinsamlega beiðni um styrk til að standa undir eftirfarandi þáttum, sem við teljum auka gildi og gleði dagsins fyrir bæði gesti og heimafólk:

- Leiga á ferðasalerni, svo hægt sé að tryggja aðgengi og þægindi fyrir gesti
- Kaffiveitingar: Kaka, kaffi og djús – hugmyndin er að Kvenfélag Gnúpverja eða Skeiðakvenna sjái um veitingarnar, og fái í staðinn fjárhagslegan stuðning úr styrknum
- Hoppukastali, sem gæti gert daginn sérstaklega eftirminnilegan fyrir yngstu gestina

Kostnaðaráætlun miðað við 800 gesti:

Liður	Áætlaður kostnaður
Leiga á ferðasalerni (2–3 salerni)	60.000 kr.
Kaffiveitingar (drykkir og kökur fyrir 800 gesti + styrkur til kvenfélags)	120.000 kr.
Leiga á hoppukastala	50.000 kr.
Samtals	230.000 kr.

Við teljum mikilvægt að gera Beint frá býli-daginn að líflegri, fræðandi og skemmtilegri upplifun fyrir alla sem leggja leið sína til okkar – og um leið að kynna landbúnaðinn og sveitalífið í sínu besta ljósi.

Fyrirfram þökkum við kærlega fyrir að taka styrkbeiðninni vel og vonumst til að heyra frá ykkur sem fyrst.

Með bestu kveðju,

Petrína Þórunn og Björgvin Þór

f.h. þátttakenda í Beint frá býli-deginum

Korngríis, Laxárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi



BEINT FRÁ BÝLI

Beint frá býli dagurinn

Fjölskylduviðburður
og matarmarkaður
í hverjum landshluta
sunnudaginn 24. ágúst kl. 13-16

Nánar á beintfrabyli.is

Vesturland: Rjómaþúfið Erpsstaðir, Búðardal
Vestfirðir: Hvammsþúfið, Barðaströnd
Norðurland vestra: Gróðurhúsið Starrastaðir, Skagafirði
Norðurland eystra: Vellir, Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð
Austurland: Félagsþúfið Lindarbrekka, Berufirði
Suðurland eystra: Miðskersþúfið, Nesjum, Hornafirði
Suðurland vestra: Korngríis frá Laxárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi